

HÚSÖNDIN

37.tbl. 1.árg.
24.okt. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 25.-31.OKTÓBER

25.10 *Hjörleifur Sigurðsson*

27.10 *Sigurður Guðni Böðvarsson, Þórarinn Pálmi Jónsson*

28.10 *Ingibjörg Helga Jónsdóttir, Sesselja Lóa Þöll Halldórsdóttir,
Sölvi Karlsson*

29.10 *Axel Jónas Stefánsson, Hjördís Finnbogadóttir*

30.10 *Katrín Briem, Nicolas Örn Skagfield, Sebastian Rojek,
Zaneta Kuc*

31.10 *Hermann Kristjánsson*

MIKLEY Þekkingarsetur í Mývatnssveit

Kæru sveitungar
Okkur langar til að bjóða ykkur
til opunarhátíðar á
MIKLEY, þekkingarsetri
í Mývatnssveit 1.nóvember
2018 kl 16:30 að Hlíðavegi 6
Léttar veitingar og
skemmtiatriði í boði

Hlökkum til að
sjá ykkur




VISSIR ÞÚ

AÐ RAFBÍLL KÆMIST
HRINGVEGINN

92.000

SINNUM Á RAFMAGNINU
SEM NÝ GLERÁRVIRKJUN
FRAMLEIÐIR ÁRLEGA?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

Haustfundur

Kvenfélags Mývatnssveitar verður
haldinn í sal björgunarsveitarinnar
miðvikudaginn 31. október kl:20

Nýir félagar  boðnir velkomnir

Stjórnin



Zumba námskeið byrjar í dag 24.október kl.17:00.

Kennt verður mánudaga og miðvikudaga kl. 17-18 í ÍMS í 4 vikur til að byrja með. Hver tími kostar 1000kr, vinsamlegast hafið pening með ykkur.

Zumba course will start today the 24th of October at 17:00.
Classes will be on Mondays and Wednesdays from 17 til 18 at the Sports Center, for 4 weeks. Each class costs 1000 ISK, please have cash with you.

Zumba instructor Valerija, 8634436



Jólaboð við Mývatn



JÓLIN Á MYLLU RESTAURANT

Við fögnum jólunum og á aðventunni munum við bjóða upp á dýrindis jólahlaðborð fyrir einstaklinga og hópa á eftirfarandi dögum:

JÓLAHLAÐBORÐ

24. nóvember, 1. desember, 8. desember og 15. desember

Verð: 9.550 kr. á mann

Hálft gjald fyrir börn 6-12 ára og frítt fyrir börn yngri en 6 ára.

Tilboð fyrir hópa 15 manns eða fleiri

JÓLABRUNCH

Sunnudaginn 16. des

Verð: 4.700 kr. á mann

Hálft gjald fyrir börn 6-12 ára og frítt fyrir börn yngri en 6 ára.

GISTITILBOÐ

Gisting í eina nótt í tveggja manna standard herbergi ásamt morgunverði og jólahlaðborði fyrir tvo - verð kr. 35.000

Auka nótt ásamt morgunverði og aðgangi í náttúruböðin fyrir tvo - verð kr. 15.000

Gisting í eina nótt í standard herbergi ásamt morgunverði og jólahlaðborði fyrir einn - verð kr. 28.500

Auka nótt ásamt morgunverði og aðgangi í náttúruböðin fyrir tvo - verð kr. 12.000

JÓLAHLAÐBORÐ - MATSÆDILL

Forréttir

Humarsúpa
Rjómalögðu sveppasúpa
Sjávarréttapaté
Villibráð
Hangikjöt
Framhryggur
Graflax
Reyktur silungur

Kjöt & fiskur

Purusteik
Kalkúnn
Villibráð
Hangikjöt
Framhryggur
Skötuselur

Grænmetis

"Kjöthleifur"
Glazed tofu
Grænmetis Paella

Sósur

Bearnaise sósa
Rauðvínssósa
Shiitake sveppasósa
Berjasulta

Meðlæti

Brúnaðar kartöflur
Rófumauk
Kartöflumús
Grænar baunir
Gulrætur
Bláberjakál
Rækjusalat
Kartöflusalt
Waldorfsalat
Laufbrauð
Rúgbrauð
Súrdeigsbrauð

Eftirréttir

Riz à la mande
Súkkulaðikaka
Creme brulee
Rjómi
Súkkulaðisósa
Gulrórtakaka
Súkkulaðimús
Ávaxtasalat

Slægjufundur 2018

Munið eftir slægjufundinum á laugardaginn 27 október kl 14:30.

Mun séra Örnólfur fara með gamanmál?

Verður Vilhjálmur til vandræða?

Kemur í ljós á laugardaginn.

Slægjuball

Eigið þér 1.800 kr, þá eruð þér lukkunnar panfill og komist á Slægjuballið. Annars er bara að drífa sig í Sparisjóðinn eða hraðbankann og kaupa reiðufé.

Það verður nefnilega ekki posi á staðnum.

Ath ballið stendur frá 22:00 til 02:00.

Kökubasar

Hinn árlegi kökubasar Nemendafélags Reykjahliðarskóla verður í Skjólbrekku laugardaginn 27.okt. og hefst kl 13:45.

Tilvalið að kaupa köku fyrir Slægjufundarhlaðborðið.

Ath Það verður EKKI posi á staðnum

Jarðböðin

Mannauðs- og markaðsstjóri

Vilt þú tilheyra hópi fólks sem vinnur náið saman að því að gera Jarðböðin að áhugaverðum stað? Ef svo er þá leitum við að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í fallegri náttúru.

Umsóknarfrestur

5. nóvember

Starfssvið

- Yfirumsjón með markaðsstarfi
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samskipti og miðlun, þ.á.m. ábyrgð og umsjón samfélagsmiðla og samskipti við fjölmiðla.
- Mælingar og greining á markaðsstarfi fyrirtækisins.
- Starfsmannaviðtöl, ráðningar og vaktaplön
- Hugmyndavinna, verkefnastjórnun og vörubrún.



Jarðböðin við Mývatn voru opnuð sumarið 2004 og hafa verið í örum vexti allar götur síðan. Jarðböðin hafa skapað sér sess sem kjölfesta í ferðapjónustu í Mývatnssveit, enda opin alla daga allt árið um kring. Mývatnssveit er rómuð fyrir náttúrufegurð, en þar búa rúmlega 500 manns. Þar er meðal annars leikskóli, grunnskóli, íþróttahús, heilsugæsla og verslun. Hjá Jarðböðunum starfa 22 starfsmenn yfir vetrartímann en yfir sumartímann eru um 45 starfsmenn. Jarðböðin geta boðið upp á glæsilegt leiguhúsnæði sé þess óskað sem voru byggð árið 2017.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/10363

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, menntun á sviði markaðsmála og/eða mannauðsmála kostur.
- Reynsla- og/eða þekking af markaðsstörfum kostur.
- Reynsla- og/eða þekking af mannauðsmálum kostur.
- Góður skilningur, kunnátta og reynsla í samfélagsmiðlun.
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti, reynsla af textagerð er kostur.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Lausnarmiðuð og skapandi hugsun.



Smalaveisla Mývetninga 2018



Hin árlega smalaveisla verður haldin í Vogafjösi föstudaginn 26. október. Allir smalar ásamt mökum og bæjar/aðstoðarfólki velkomid.

Húsið opnar kl. 18:00 með fordrykk í boði Austari og Neðri Miðfjalla.

Ýmsar kræsingar verða bornar fram kl. 19:30.

Verð er 2000 kr pr mann og greiðist með reiðufé við komu.

Barinn verður opinn

Komum og gleðjumst og spjöllum saman, því maður er manns gaman



Vinsamlega skráið þáttöku í síðasta lagi fimmtudaginn 25. október fyrir kl. 12:00 í síma 4643800, tölvupósti vogafjos@vogafjos.is eða á fjárbókarsíðu „Smalar í Mývatnssveit“

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Austari og Neðri Miðfjallanefnd





VÍN & MATUR

Töfraheimur vína!

Nú er mat- og vínseðill alveg að verða klár enda ætlum við að eiga yndilega stund á föstudaginn.

Guðni Rúnar hjá Eðaldrykkjum mun mæta á staðinn, gefa smakk og veita fróðleik um þau frábæru vín sem hann hefur uppá að bjóða. Eftir kynningu bjóðum við til fjögurra rétta kvöldverðar þar sem við munum para hvern rétt með vínnum frá Guðna. Við byrjum klukkan 18:00 og kostar þetta aðeins 12.900 kr. á mann. Athugið að um takmarkað sætaframboð er að ræða.

Upplýsingar og bókanir í síma 594 2000 eða myvatn@icehotels.is